

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33/1967, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 55/1962,
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Frestir þeir, sem ræðir í ákvæði til bráðabirgða, breytist þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjaradóms 1. febrúar 1969 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 1. marz 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

12. nóvember 1968.

Nr. 94.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands
nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. nóvember 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 43. gr. 2. tölulið bætist:

Þær þrjár prófgreinar, sem greindar eru í þessum tölulið, teljast prófhluti í merkingu þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fyrri málsgrein 43. gr. 6. töluliðs orðist svo:

Stúdent telst ekki hafa staðizt upphafspróf, sbr. 2. tölulið, hafi hann hlotið lægri meðaleinkunn en 9 í hinum þremur prófgreinum eða undir 7 í einhverri þeirra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 42. gr. laga nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi, og taka ákvæði hennar til þeirra stúdenta, sem innritast til náms í læknadeild frá haustinu 1968 og telja.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.